

Ársskýrsla



Keiludeild ÍR

2022

Skýrsla keiludeildar ÍR fyrir árið 2022

Lögð fram á aðalfundi keiludeildar í ÍR heimilinu 30. mars 2023.

Stjórn keiludeildar

Starfandi stjórn keiludeildar ÍR tók við eftir aðalfund 6. maí 2022. Stjórn keiludeildarinnar var þannig skipuð á árinu: Valgerður Rún Benediktsdóttir var kjörin formaður á aðalfundi, Svavar Þór Einarsson var varaformaður, Unnar Óli Þórsson var ritari, Halldóra Íris Ingvarsdóttir var gjaldkeri, Böðvar Már Böðvarsson, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir og Jóhann Ágúst Jóhannsson voru meðstjórnendur.

Áherslur stjórnar 2022

Áherslur stjórnar fyrir kjörtímabilið voru eftirfarandi:

1. Aðstöðumál keilunnar

Stjórn keiludeildar hélt áfram að vinna að aðstöðumálum keilunnar en það hefur lengi legið fyrir að aðstaða keilufélagarinnar á höfuðborgarsvæðinu er með öllu óviðundandi eins og nánar er farið yfir í ársskýrslu keiludeildar fyrir árið 2021. Aðalstjórn ÍR hefur sýnt þessari stöðu mikinn skilning og unnið að því að fá keilusal á ÍR svæðið í viðræðum sínum við Reykjavíkurborg. Er þar horft til þess að keilusalur komi í tengibyggingu á ÍR svæðinu. Eftir viðræður ársins er stjórn keiludeildar nokkuð bjartýn á að það fari að draga til tíðinda í málinu árið 2023.

2. Fjölgun iðkenda

Stjórn lagði áframhaldandi áherslu á fjölgun iðkenda. Haldið var sumarnámskeið í keilu og útbúnir einblöðungar með auglýsingu fyrir æfingar sem liggja frami í Egilshöll. Vel gekk að fjölga í yngri flokkum og þurfti deildin m.a. að fjölga þjálfurum til að anna eftirspurn.

3. Fjölga þátttakendum í starfi deildarinnar

Skortur á sjálfboðaliðum innan íþróttahreyfingarinnar er víða vandamál og hefur það verið krefjandi verkefni hjá keiludeildinni einnig. Stjórn gerði átak í að bjóða keilurum inn á facebook hóp fyrir ÍR-keilara, auglýsti eftir bakvarðasveit og bauð umbun fyrir mótaumsjón. Merkir stjórn nokkurn árangur af þessum aðgerðum þó vel megi gera betur.

4. Aukið utanumhald og yfirsýn

Gert var átak í að uppfæra félagatal, bæta fjárhagsáætlun og uppfæra reglur deildarinnar sem skilar sér í betri yfirsýn, bættri upplýsingagjöf og auknu jafnræði.

5. Reyna alla styrkjamöguleika

Stjórn var einhuga um að reyna alla styrkjamöguleika sem í boði eru. Sótt var um styrki fyrir um 2,5. m.kr. og fékk deildin styrki fyrir um 700 þúsund m.a. til að kaupa búnað fyrir börnin, styrkja þjálfara til menntunar, styrkja afrekskeilara til landsliðsferða og til að fjölga konum í keilu.

6. Aukin þjálfun fyrir deildarspilara

Stjórn lagði áherslu á að auka þjálfun fyrir almenna deildarspilara með sérstökum æfingum á laugardögum. Það mæltist ágætlega fyrir en hefði mátt vera betur nýtt að mati stjórnar.

Árangur ÍR keilara árið 2022

Keiludeild ÍR er sú fjölmennasta á landinu og sendir deildin því fjölmörg lið og einstaklinga til keppni í hinum ýmsu mótum. Á yfirstandandi tímabili sendir ÍR 21 lið til keppni í deildum KLÍ, 15 karlalið og 6 kvennalið sem í keppa um 90 deildarspilarar. Þar að auki keppa fleiri keilarar f.h. ÍR í einstökum mótum. Hér að aftan er farið yfir helsta árangur ÍR keilara árið 2022.

1. Liðakeppni



og **Ástrós Pétursdóttir** í 2. sæti.

Hafþór varð einnig Reykjavíkurreistari einstaklinga og **Bára**



Ágústsdóttir varð í 2. sæti í kvennaflokki á sama móti. Bára varð svo Reykjavíkurreistari einstaklinga með forgjöf og **Herdís Gunnarsdóttir** varð í 2. sæti.

Adam Pawel Blaszcak var sigurvegar á RIG og Hafþór Harðarsson varð í 2. sæti.



Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir varð Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf og varði þar með titil sinn frá árinu 2021. **Elva Rós Hannesdóttir** sæti og **Halldóra Íris Ingvarsdóttir** í 3. sæti. Þá varð **Arnór Ingi Bjarkason** í 2. sæti í karlaflokki.



Gunnar Þór Ásgeirsson og **Linda Hrönn Magnúsdóttir** sigruðu Íslandsmeistaramót para.

ÍR á einnig fulltrúa í landsliðum Íslands í keilu. Hafþór Harðarsson og Gunnar Þór Ásgeirsson kepptu með landsliðinu á Evrópumóti karlalandsliða í Helsinki. Alexandra Kristjánsdóttir, Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir, Elva Rós Hannesdóttir og Hinrik Óli Gunnarsson kepptu með U21 landsliðinu á Evrópumóti unglunga í Frakklandi. Hinrik Óli tók einnig þátt í Evrópumóti ungmenna. ÍR átti einnig 18 fulltrúa á Evrópumóti öldunga þar sem Linda Hrönn Magnúsdóttir nældi í brons í B flokki. Linda Hrönn keppti einnig á

Evrópumóti landsmeistara í Tékklandi.

ÍR-PLS urðu Íslands-, deildar- og bikarmeistarar karlaliða árið 2022. ÍR-TT varð í 2. sæti í Íslands-, deilar- og bikarkeppni kvennaliða 2022.

2. Einstaklingskeppni

Hafþór Harðarsson varð Íslandsmeistari einstaklinga í karlaflokki og **Linda Hrönn Harðardóttir** varð Íslandsmeistari einstaklinga í kvennaflokki. **Einar Már Björnsson** varð í 3. sæti





ÍR ungmenni stóðu sig einnig vel á árinu. Adam Geir Baldursson varð í 1. sæti í 1. flokki pilta, Elva Rós Hannesdóttir varð í 2. sæti í 1. flokki stúlkna. Hinrik Óli Gunnarsson varð í 1. sæti í 2. flokki pilta og Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir varð í 1. sæti í 2. flokki stúlkna. Í 3. flokki varð Tristan Máni Nínuson í 3. sæti. Í 4. flokki varð Gottskálk Ryan Guðjónsson í 2. sæti og Viktor Snær Guðmundsson í 3. sæti pilta og Bára Líf Gunnarsdóttir í 2. sæti stúlkna.

Meistarakeppni ÍR, uppskeruhátíð ÍR keilarar, var einnig haldin á árinu. Það voru þau **Gunnar Þór Ásgeirsson** og **Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir** sem sigruðu sinn flokk en **Kristján Þórðarsson** vann forgjafarflokkinn.

Keilarar ÍR 2022

Hafþór Harðarson og **Linda Hrönn Magnúsdóttir** voru valin keilarar ÍR árið 2022 en þau voru einnig valin keilarar ársins hjá Keilusambandi Íslands.

Hafþór hefur um árabíl verið einn fremsti keilari landsins. Hann varð á árinu Íslandsmeistari einstaklinga í keilu í sjötta sinn, Reykjavíkurmeistari einstaklinga í fimmta sinn og varð í öðru sæti á Reykjavíkurleikunum. Þá er hann Íslands-, deilda- og bikarmeistari með liði sínu ÍR-PLS. Hafþór varð einnig í þriðja sæti á Íslandsmeistaramóti para og í þriðja sæti á Íslandsmeistaramóti í tvímenni.

Linda varð Íslandsmeistari einstaklinga á árinu í fyrsta sinn. Hún varð einnig Íslandsmeistari para. Þá varð hún ásamt liði sínu ÍR-TT í öðru sæti í deildarkeppni 1. deildar og í öðru sæti á Íslandsmeistaramóti og bikarkeppni liða. Linda varð einnig í þriðja sæti í sínum flokki á Evrópumóti öldunga (ESBC).

Mótahald ÍR á árinu 2022

Keiludeild ÍR heldur úti **Pepsi Max mótum** sem haldin eru flesta sunnudaga yfir keppnistímabilið. Þar nýtur deildin stuðnings frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar sem gefur verðlaunin og hefur gert í áraðir. Þökkum við þeim kærlega fyrir.

Þá hélt deildin **páskamót ÍR** í samstarfi við Samkaup og þakkar deildin þeim kærlega fyrir stuðninginn. Þá hélt deildin fyrrgreint **Meistaramót ÍR** á árinu en jólamót deildarinnar var fellt niður vegna 30 ára afmælistóts Keilusambands Íslands sem haldið var í desember.



Útbreiðsla, kynning og miðlun

Heimasíða keiludeildarinnar er undir heimasíðu ÍR www.ir.is/keila. Þar má finna helstu upplýsingar um starfsemi deildarinnar og fréttir. Keiludeildin er einnig með síðu á Facebook og lokaða hópa fyrir félagsmenn, stjórn, keilubjálfa, æfingahópa keilukrakkanna og foreldrafélagið svo einhver dæmi séu tekin.

Barna- og unglíngastarf og þjálfun

Barna- og ungmennastarfið er veigamikill þáttur af starfsemi keiludeildar ÍR en um 30 börn stunda æfingar hjá deildinni.

Iðkendum er skipt upp í tvo æfingahópa, grunn- og framhaldshóp. Grunnhópur æfir tvisvar sinnum í viku og framhaldshópur æfir þrisvar sinnum í viku. Undanfarin ár hefur deildin einnig haldið úti starfi

fyrir 1. og 2. bekk sem kallast ÍR-ungar en vegna aðstöðuleysis og mönnunarvanda féllu þær æfingar niður árið 2022.

Þjálfarar deildarinnar eru þau Jóhann Ágúst Jóhannsson yfirþjálfari, Adam Pawel, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, Guðmundur Jóhann Kristófersson, Halldóra Íris Ingvarsdóttir, Hörður Ingi Jóhannsson, Laufey Sigurðardóttir, Stefán Claessen og Þórarinn Már Þorbjörnsson.

Við deildina starfar einnig **foreldrafélag** en tilgangur þess er meðal annars að efla félagslíf iðkenda, halda utan um fjáraflanir og efla félagsandann hjá deildinni.

Undanfarin ár hefur keiludeildin **boðið deildarspilurum upp á þjálfun** um helgar þegar það eru lausar brautir. Keiludeildin greiðir þjálfara, en keilarar sem mæta á æfingar þurfa annað hvort að vera með árskort eða leigja brautir fyrir æfingar.

Að lokum

Að mati stjórnar keiludeildar gekk starfið ágætlega árið 2022 og árangur ÍR keilara góður. Rekstur deildarinnar var með hefðbundnu sniði og fjármál stöðug eins og sjá má í ársreikningi.

Það verður hins vegar að nást árangur í aðstöðumálum ef keilan á að ná að vaxa sem íþrótt, bæði hvað varðar iðkendafjölda og barna-, unglinga og afreksstarf. Það felast miklir möguleikar í uppbyggingu keiluaðstöðu enda er keila svo sannarlega íþrótt fyrir alla. Bindur stjórn því miklar vonir við að það dragi til tíðinda í aðstöðumálum árið 2023.

Stjórnin þakkar því öllum sem hafa lagt hönd á plóg við að halda starfi deildarinnar gangandi og skorar jafnframt á fleiri til að gefa sér tíma til að taka þátt í starfi deildarinnar.

Stjórn keiludeildar ÍR